

Sp. 141. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um aukna nýtingu sjávarfangs.

Flm.: Guðni Ágústsson, Stefán Guðmundsson, Ólafur P. Pórðarson,
Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir sérstökum ráðstöfunum til að efla fullnýtingu sjávarafla, m.a. með því að auðvelda aðgang fiskiðnaðarins að áhættufé.

Greinargerð.

Það er einkenni á íslenskum fiskiðnaði að hann nýtir eingöngu að litlum hluta þann afla sem hér er dreginn úr sjó. Að þessu leyti stöndum við Íslendingar verr að vígi en nágrannaþjóðir okkar er nýta sinn afla betur.

Með tilkomu kvótans er því tímabili sögunnar lokið þegar afkoma fiskiskipa fór aðallega eftir því hversu mikill afli barst að landi og hversu hratt. Nú er afkoma frekar komin undir því að verðmæti þess afla, er heimilt er að veiða, sé sem mest.

Af þorskafla okkar fara einungis tæp 40% í verðmæta útflutningsvöru en afgangurinn fer í „gúanó“ eða er hent. Þó eru þekktar vinnsluáferðir til að vinna verðmæta vöru úr nær öllu því sem hent er og oft eru markaðir fyrir hendi.

Við þessar aðstæður vaknar sú spurning hvort ekki megi stórauka útflutningsverðmæti íslensks sjávarfangs með aukinni nýtingu. Til þess að svo megi verða þarf að:

1. Veita fiskiðnaðinum betri aðgang að áhættufé til fjárfestingar í þessari úrvinnslu.
2. Auka aðstoð við vöruþróun og búa fyrirtækjum aðstöðu til hennar.
3. Stórefla markaðsleit.
4. Hvetja fyrirtæki til að leggja aukinn hluta veltu í tilraunar- og þróunarverkefni, til dæmis með framlögum ríkisins á móti eigin fé fyrirtækja.
5. Hvetja útgerðarfyrirtæki og sjómenn til að sinna þessum hlutum.

Nokkur dæmi um nýtingu sjávarafla:

Skuttogarar: Um 20% af afla skuttogara fer útbyrðis sem slóg. Nýta má allt þetta slóg í meltu með litlum tilkostnaði. Um 5% af þorski og ufsa er lifur. Safna má lifrinni til niðursuðu og lýsisgerðar. Nægir markaðir eru fyrir niðursoðna lifur.

Frysitogarar: Um 60% af afla frystitogara fer útbyrðis í vinnslunni um borð. Þetta má nýta á sama hátt og í togurum en auk þess kemur vinnsla á marningi, kinnum, gellum, sundurgreindum innnyflum o.fl. vel til greina.

Rækjuvinnsla: Eingöngu 25% af rækju nýtist við núverandi vinnslu. Um 50% af rækjuafflanum má nýta í rækjuskeljarmjöl, framleiðslu á krafti til gervikrabbavinnslu og súpugerðar og fleiri hluta. Svipaða sögu má segja um aðra skelfiskvinnslu.

Fiskimjölsvinnsla: Svo til allt fiskimjöl, sem framleitt er á Íslandi, er í lágum verðflokki. Ef einungis 25% af mjöli, sem framleitt er í landinu, væri selt sem gæðamjöl væri um nokkur hundruð milljóna króna verðmætaaukningu að ræða.

Nokkur dæmi um framleiðslu sem lítið er um hér:

Gæludýrafóður: Mjög stór markaður með háu verði. Gerir kröfu um mikil gæði og stöðugt framboð. Hægt að nota meltu, fiskimjöl, rækju- og krabbaúrgang sem hráefni.

Fiskeldisfóður: Sama gildir og fyrir gæludýrafóður.

Súrími: Vaxandi markaður. Hugsanlega hægt að nýta iðnaðarfisk eins og kolmunna og loðnu.

Kraftur og bragðefni: Mikil eftirspurn er eftir þessari vöru á heimsmarkaði núna, sérstaklega unninni úr skelfiski og kröbbum. Notuð í gervikrabba og súpur til dæmis.

Ensímvinnsla: Ef af lífefnaiðnaði verður hér á landi er fiskslóg það hráefni sem helst er horft til.

Eins og þessi upptalning sýnir eru miklir möguleikar fyrir hendi á frekari nýtingu sjávarfangs hér við land. Eitt af því sem oft veldur erfiðleikum þeim er hefja vilja frekari nýtingu sjávarafla er tregða útgerðar og sjómanna til að safna svokölluðum úrgangi. Til að hvetja til þessarar söfnunar geta stjórnvöld t.d. gefið aukinn kvóta til þeirra skipa er sinna henni. Má hugsa sér að aukaafli komi ekki til skipta en að sjómenn haldi honum óskiptum. Gefa má heimild til að leggja fé er fæst fyrir hann í sameiginlega sjóði skipverja er varið yrði til félagslegra þarfa og teldust ekki til skatttekna.